

Myndir frá Hestamannafélaginu Loga



16. árgangur 5. tbl. maí 2017.

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir

Á.b.m: Valtýr Valtýsson



Íbúafundur

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar boðar til íbúafundar í Aratungu 8. maí 2017 kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Löggæslumál – Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi.
2. Ársreikningur Bláskógabyggðar 2017 – Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri
3. Ljósleiðaramál, staða mála í Bláskógabyggð – Guðmundur Daníelsson
4. Samgöngumál í Bláskógabyggð – Ásmundur Friðriksson alþingismaður, formaður samgönguráðs og fulltrúi í samgöngunefnd Alþingis.
5. Framkvæmda- og viðhaldsáætlun Bláskógabyggðar 2017 - Bjarni D. Daníelsson
6. Íþróttamannvirki á Laugarvatni
7. Önnur mál.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar

Oddvitapistill

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar boðar til íbúafundar í Aratungu 8. maí nk. Farið verður yfir mörg málefni sem snerta íbúa sveitarfélagsins, má þar nefna löggæslu, ljósleiðaramál, ársreikninga Bláskógabyggðar, samgögnumál, íþróttamannvirki á Laugarvatni og margt fleira. Góðir gestir munu mæta á fundinn til að fylgja eftir málum og svara fyrirspurnum fundarmanna. Dagskrá íbúafundarins er hér í blaðinu, ég hvet íbúa til að mæta og taka þátt í umræðum um málefni sveitarfélagsins.

Undirritaður hefur fengið þær upplýsingar frá Ferðafélagi Íslands að félagið hyggist byggja nýtt hesthús á Hlöðuvöllum í sumar. Gamla hesthúsið er fyrir löngu búið að skila sínu og stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru til hesthúsa og er að auki alltof lítið fyrir það hutverk sem það á að þjóna. Ferðafélag Íslands keypti af sveitarfélaginu sæluhús og hesthús fyrir nokkrum árum en í samningi á milli aðila er gerð krafa á hesthús sem m.a. á að þjóna fjallmönnum við smalamennsku að hausti. Það verður mikil lyftistöng fyrir fjallmenn að fá nýtt hesthús sem á eftir að nýtast vel, sem og eins fyrir aðra hestamenn er um svæðið fara.

Mikið hefur verið um banaslys við Silfru á Þingvöllum síðustu misseri. Það er leitt að banaslys, sem þessi skuli eiga sér stað við skoðun á náttúru þjóðgarðsins á Þingvöllum. Forsvarsmenn þjóðgarðsins hafa hert eftirlit og breytt verklagi til að koma í veg fyrir þessi hörmulegu slys og er óskandi að fleiri verði ekki. Annars er mikil uppbygging í þjóðgarðinum, til að getað tekið við öllum þessum fjölda ferðamanna, sem vilja skoða Þingvelli má þar m.a nefna uppbyggingu á salernum, bílastæðum, stígum og móttökuhúsum, svo fátt eitt sé nefnt.

Nýr og glæsilegur stigi er nú að taka á sig lokamynd við Gullfoss. Stiginn mun gjörbreyta ferð ferðamanna um svæðið og tryggja öryggi gesta, er um svæðið fara. Þessi framkvæmd var löngu tímabær og mun breyta miklu fyrir svæðið, m.a verður flæði ferðamanna mun betra. Stiginn fellur vel í landslagið og mun verða sómi fyrir Gullfossvæðið. Framkvæmd, sem þessi, er ein af þeim framkvæmdum sem þarf að eiga sér stað á fjölförnum ferðamannastöðum, svo hægt sé að taka við öllum þeim gestum sem okkur heimsækja.

Nú er verið að leggja lokahönd á nýjan ramp á gámasvæðinu á Heiðarbæ. Öll aðstaða mun breytast verulega bæði fyrir starfsmenn og viðskiptavinum gámasvæðsins. Með tilkomu nýja rampsins á Heiðabæ verða komnir rampar á öll þrjú gámasvæði sveitarfélagsins. Það sorpmagn sem er að berast á gámastöðvarnar er alltaf að aukast og því er mikilvægt að aðstaða sér góð svo flokkun verði betri og markvissari. Það getur verið mjög dýrt ef ekki er rétt flokkað í gámana, því þá getur innihald gámanna verið verðfellt, en sá kostnaður lendir á sveitarfélaginu. Það er því mikilvægt að við öll gætum vel að því í hvaða gáma úrgangurinn er settur, það er hagsmunamál okkar allra að árangur náist í flokkun á úrgangi.

Þriðja og seinasta vetrarmót Loga var haldið föstudaginn 21. apríl á Kjóstöðum 3. Það er gaman að sjá hvað vetrarmótin hafa eflst í vetur, bæði hafa fleiri keppendur tekið þátt og fleiri áhorfendur komið að fylgjast með. Að móti loknu voru grillaðar pylsur og spjallað.

Við þökkum vetrarmótsnefnd fyrir vel unninn störf.

Hér koma úrslit

Pollaflokkur:

Í pollaflokki voru tveir keppendur, þær Kristín María Kristjánsdóttir og Hildur María Jóhannesdóttir og stóðu þær sig báðar með prýði.

Barnaflokkur:

- 1.sæti Fjölín Þór Morthens á Björk frá Holtsmúla
2. sæti Karitas Hróbjartsdóttir á Amor
3. sæti Sigurbjörg Hróbjartsdóttir á Fjölni

Unglingaflokkur:

- 1.sæti Rósa Kristín Jóhannesdóttir á Kolbrúnu frá Rauðalæk
- 2.sæti Sölvi Freyr Jónasson á Fífli frá Hjarðarlandi

Ungmennaflokkur:

- 1.sæti Inga Hanna Gunnarsdóttir á Ferdinand frá Galtastöðum

Unghrossaflokkur:

- 1.sæti Sólon Morhens á Tía frá Vestri-Leirargörðum
- 2.sæti Guðrún Magnúsdóttir á Stjörnufák frá Bræðratungu
- 3.sæti Gústaf Loftsson á Seilu.

Fullorðinsflokkur:

- 1.sæti Atli Fannar(keppti sem gestur) á Fiðlu frá Galtastöðum
- 2.sæti Gústaf Lofsson á Sunnu frá Dísarstöðum
- 3.sæti Óskar Örn Hróbjartsson á Straumi frá Sólheimatungu
- 4.sæti Tinna Tögg Tryggvadóttir á Sigurrós frá Galtastöðum
- 5.sæti Þórey Helgadóttir á Gáli frá Dalbæ

6. sæti Jónas Már Hreggviðsson á Kolbeini frá Hrafnsholti
Heldri manna/konur flokkur

- 1.sæti Guðný Höskuldsdóttir á Frumherja frá Kjarnholtum 1
2. sæti Magnús Einarsson á Gjósku frá Kjarnholtum 1



Rúlluplast

Rúlluplast verður tekið hjá þeim bændum sem vilja **í júní** Vinsamlegast látið vita á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 480-3000 eða í tölvupósti á gudrunh@blaskogabyggd.is. Einnig er hægt að hafa fasta mánuði hjá þeim bændum sem það vilja. Komudagar rúlluplastsbíls verða auglýstir í Bláskógafréttum og á heimasíðu Bláskógabyggðar <http://www.blaskogabyggd.is/> Ef bændur vilja fá senda tilkynningu um komudaga í tölvupósti vinsamlegast látið vita.



Íþróttamiðstöðin Reykholti.

Vetraropnunartími

15. ágúst – 26. maí

Mánudaga 14:00-18:00.

Þriðjudaga 14:00-22:00

Miðvikudaga 14:00-18:00.

Fimmtudaga 14:00-22:00..

Föstudaga lokað.

Laugardaga 10:00-18:00.

Sunnudaga lokað.

KV Starfsmenn.

Þann 9. júní nk. verður Bláskógabyggð 15 ára, dagurinn verður haldinn hátíðlegur en nánar verður sagt frá því í næsta fréttabréfi og með dreifibréfi til íbúa.

Að lokum óska ég ykkur öllum, kæru lesendur, gleðilegs sumars með þökk fyrir veturinn. Það er mín óska að sumarið verði okkur öllum gott og gjöfult. Við skulum nýta sumarið sem allra best, því það verður kominn vetur áður en við vitum af.

Nóg í bili.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar.

Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur hestamannafélagsins Loga verður haldinn fimmtudaginn 11. maí á café Mika kl. 20:00

Dagskrá fundarins:

- Venjulega aðalfundarstörf
- Kosið í stjórn og nefndir
- Inntaka nýrra félaga
- Reiðvegamáli
- Dagskrá vors og sumars
- Hrísholt
- Önnur mál
- Hestaíþróttamaður Loga 2016

Fyrirlesari verður Súsanna Sand Ólafsdóttir formaður félags tamningamanna. Félagar fjölmennið og látið ykkur málin varða! Stjórnin.

Tungnaréttir 2017

Tungnaréttir verða laugardaginn 9. september.

Fjallskilanefnd Biskupstungna.

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



LAUGARVATN
fontana

Öpið alla daga vikunnar

www.fontana.is

Heilsulind frá landnámi

Áningastaðir á Kili



Gljasteinn

Myrkholt · Bláskógabyggð
Sími 895 9500

gljasteinn@gljasteinn.is · www.gljasteinn.is



Gíslaskáli



Árbúðir



Fremstaver



Skálinn

Frá heilsugæslunni í Laugarási.

Opið frá kl 8:30 á morgnana

til kl 16:30 virka daga

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU 432 2000

Sími Neyðarlínu 112



Getraunanúmer UMF. Bisk. er
803

Styðjum okkar félag þegar við
tökum þátt í getraunum.



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í júní 2017. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir
1. júní 2017.

Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á
blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar
í síma 480-3000



Bókasafnið í Reykholtsskóla er opið

Opnunartímar eru á þriðjudögum kl. 17-19.

Hvað er betra en að lesa góða bók í
myrkri skammdegisins?

Kíkið við og kynnist heillandi hugarheimi
bókanna.

Athugið að einnig er hægt er að skila
bókum á opnunartíma skólans.



útibú Laugarási

OPIÐ

kl 10 - 16.30

mánudaga - fimmtudaga

og kl 10 - 13

föstudaga

Verslum í heimabyggð!

Vortónleikar á Flúðum þar sem kynslóðir mætast

Söngsveitin Tvennir tímar mun halda vortónleika sína í

Félagshemili Hrunamanna á Flúðum sunnudaginn 14.mái kl.16.00.

Þar munu kynslóðir mætast því þar koma fram Barnakór Tónsmiðjunar og ungir einsöngvarar, en þau eru: Guðbjörg Guðjónsdóttir, Laufey Helga Ragnheiðardóttir, Laufey Ósk Grímsdóttir, Ljósbrá Loftsdóttir, Óskar Snorri Óskarsson og Ragnheiður Guðjónsdóttir.



Söngstjóri er Stefán Þorleifsson og hljóðfæraleikarar með honum eru:

Anna Þórný Sigfúsdóttir, klarinett, Karl Hallgrímsson, gítar,

Loftur Erlingsson, bassi og Unnsteinn Eggertsson, trommur.

Fjölbreytt efnisval verður á dagskránni en fyrst og fremst verða flutt vinsæl dægurlög síðustu aldar.

Aðgangseyrir á tónleikana eru kr.3000 en innfalið í miðaverði er kaffi og létt meðlæti.

Með von um að sjá sem flesta á vortónleikum okkar 2017

Söngsveitin Tvennir tímar



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 7760810

Kv Dóri

Bílaviðgerðir, Smurþjónusta og

dekkþjónusta

BÍLAÞJÓNUSTA



Lindarskógur 10, 840 Laugarvatn

☎ 775-2620 & 486-8600

www.facebook.com/valbergs



BLÁSKÓGABYGGD



Sumaropnunartími gámastöðva frá 1. maí til 31. ágúst

	Pingvellir	Laugarvatn	Reykholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	11:00 - 13:00	Lokað	Lokað
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 17:00	Lokað	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	14:00 - 17:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	14:00 - 17:00	14:00 - 17:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað


Athugið að ofangreindur opnunartímar breytast við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum

eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí -

Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Nudd



Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í sundlauginni Reykholti á laugardögum, mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir og nánari upplýsingar má finna á

<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/> og á

<https://ngehf.setmore.com/>

Nils Guðjón tel:8976944

nilsgudjon@gmail.com

Bowentækni meðferð

Við bjóðum upp á Bowen í Reykholti.

Bowen er mjúk heildræn meðhöndlun á vefjum, aðallega bandvef.

Meðferðin örvar líkamann og hefur þau áhrif að hann virkjar heilunarmátt líkamans til þess að lækna sig sjálfur. Nánari upplýsingar má finna á bowen.is

Nils Bowentæknir vinnur á þriðjudögum og fimmtudögum í íþróttahúsinu í Reykholti. Tímapantanir í síma 897-6944.

Regína Rósa Bowentæknir. Tímapantanir eftir samkomulagi í síma 661-0053 .



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com
Hrosshagi - 801 Selfoss

NUDD Í REYKHOLTI.

Ertu með sára og auma vöðva? Vöðvabólgu? Festur í liðum? Eða langar bara í smá dekur?

Hafðu þá samband í síma: 892-5991

Íris Svavarsdóttir nuddari.

Vélar til leigu



Kubota kx-36

15Tonn 3 Skóflur

25Þúsund Dagurinn

Yanmar belta vagn

Sturtar á 3 hliðar. Ber 800kg

20Þúsund Dagurinn

Véla vagn

2500kg Burður 1800kg

12Þúsund dagurinn

Flytjum tækin á staðinn sé þess óskað



Flytjum bíla
upp að 3,5T

Gerum tilboð í flutning



Leyndardómar Thailandis

Bali í október
Thailand í nóvember

Margeir

Ferdin.is

Starfskraftur óskast í sumar í Gallerí Laugarvatn.
Um er að ræða vaktavinnu ca. 6-8 tímar (ekki kvöldvinna).
Starfið felst í vinnu við gistingu og almenna vinnu í kaffihúsi.
Nánari upplýsingar í síma 8470805
eða galleri @simnet.is .



Komnar í sölu vel skipulagðar íbúðir að Herutúni 5 a, b, c og d. Um er að ræða 134,6 fm þriggja herbergja endaíbúðir með bílskúr og 121,8 fm fjögura herbergja íbúðir með 6,6 fm geymslu. Afhendist tilbúið til innréttinga en hægt að semja um fullnaðarfrágang. Miklir möguleikar fyrir þá, sem vilja innrétta að eigin smekk. Frekari upplýsingar gefur Fasteignasalan Bær á Selfossi í síma 864 8090.



Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2017

Vinnuskóli Bláskógabyggðar starfar í sumar frá 6. júní og fram eftir sumri. Starfsstöðvar hans eru á Laugarvatni og í Reykholti. Réttindi til að starfa í vinnuskólanum hafa unglingar með lögheimili í Bláskógabyggð og eru fæddir á árunum 2001 til 2004. Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Bláskógabyggðar fyrir 15. maí n.k. Nánari upplýsingar veitir Sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar í síma 860 4440

*Framkvæmda- og veitusvið
Bláskógabyggðar*



Sumarafleysing

Starfmaður óskast við sumarafleysingu á gámasvæðum Bláskógabyggðar.
Starfstími er frá 1. maí til 1. september.
Nánari upplýsingar hjá Sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar
Bjarni Daníelsson s. 806-4440 bjarni@blaskogabyggd.is

Frá SR grænmeti Smiðjustíg 10 Flúðum

Verðum með kálplöntur og kryddjurtir til sölu í heimagarða frá og með 20. maí, einnig áburð og akril í metrávís.
Opið um helgar 10 – 16.
Í miðri viku 13 -16.
Sími 862-2374 og 486-1070



Lions klúbburinn Geysir í Biskupstungum og leikdeild UMF Bisk gáfu leikskólanum Álfaborg veglegar gjafir.

Við hér í leikskólanum Álfaborg getum verið þakklát fyrir svo margt og eitt af því er svo sannarlega fólkið hér í samfélaginu og góðvild þess. Eins og mörgum er kunnugt um, þá kom upp mygla í leikskólanum síðastliðið sumar og þurftum við af þeim sökum að henda miklu af dóti leikskólans. Ekki stóð á hjálpsemi og vinsemd sveitungana og á dögnum komu Lions menn og fulltrúi frá leikdeild UMF Bisk og færðu leikskólanum veglegar gjafir. Þeir Helgi Guðmundsson, Þórarinn Þorfinnsson og Guðmundur Ingólfsson Lions menn með meiru, komu færandi hendi með veglegan myndlistarvagn fyrir börnin. Öllu myndlistardótinu sem við áttum, var einmitt hent, og er þetta því kærkomin gjöf. Við erum þeim mjög þakklát. Það er aldeilis ekki sjálfsagt að allir séu alltaf boðnir og búnir að aðstoða okkur og er ég mjög þakklát fyrir hönd leikskólans, yfir því hversu marga velunnara við eigum hér. Hildur María Hilmarsdóttir gjaldkeri leikdeildarinnar kom einnig færandi hendi og færði leikskólanum 300 þúsund krónur fyrir hönd leikdeild UMF Bisk. Það má því með sanni segja að samtakamáttur fólksins hérna í Bláskógabyggð sé mikill og við þökkum kærlega fyrir þá góðvild sem okkur er sýnd.

Með vinsemd og virðingu

Regína Rósa Harðardóttir

Leikskólastjóri Álfaborgar Reykholti

Bara að einhver hlusti

Þegar ég var unglingur fannst mér yfirleitt frekar leiðinlegt að læra. Ég skildi ekki stærðfræði og fannst Snorra-Edda nánast óskiljanleg. Ég ólst upp á Laugarvatni, litlu þorpi út á landi. Æfði körfubolta og frjársar, en íþróttir voru ekki mín sterkasta deild, ég æfði bara til að vera með. Það hefði verið mjög auðvelt fyrir ungling eins og mig að finnst þessi ár erfið og leiðinleg. Ekkert markvisst félagsstarf var í boði, nema við myndum sjá um það sjálf, sem við gerðum. Það, sem hjálpaði mér voru foreldrar mínir og skólastjórnir mínir. Þau hlustuðu á mig og sýndu mér, skilning, virtu skoðanir mínar og hikuðu aldrei við að leyfa mér að prófa mig áfram. Það er þeim að þakka að unglingsárin mín voru frábær, að minningarnar mínar, sem eru ótal margar, eru skemmtilegar og þær ylja mér og gleðja mig. Þegar ég var að ljúka 10. bekk, 1998, hafði ég ekki hugmynd um hvað mig langaði að verða þegar ég yrði stór. Ég man þó eftir því, eins og það hafi gerst í gær þegar skólastjórinn kallaði á mig á útskriftardaginn uppá svið. Ég gat ekki ímyndað mér hvað hann ætlaði sér að segja við mig fyrir framan allt þetta fólk, sem þarna var mætt til að ljúka með okkur skólaárinu, því ekki skoraði ég hátt á einkunnarspjaldinu. Skólastjórinn veitti mér viðurkenningu fyrir vel unnin félagsstörf, þakkaði mér fyrir góða samvinnu og fyrir að vera góður vinur og nemandi. Þvílík hvatning sem þetta reyndist mér. Þarna stóð ég, 15 ára gömul, og ég man svo vel þegar ég hugsaði með mér „þetta er það sem ég vil gera í framtíðinni. Mig langar að vinna hér í þessum skóla og kenna unglingum að skóli snýst ekki bara um að læra í bók“. Og hér er ég, 19 árum síðar, að vinna við það og á þeim stað sem mig dreymdi um á útskriftardaginn. Nemendurnir hér á Laugarvatni eru líka heppnir eins og ég var, með skilningsríkan skólastjóra, sem leyfir þeim að hafa raddir og hlustar.

Ég fæ oft spurningar varðandi námið mitt í tómstunda- og félagsmálafræðinni og þá helst hvað ég hafi eiginlega hugsað mér að gera þegar ég er búin með það, hvort ég sé ekki bara að læra að leika mér. Jú, hluti af náminu mínu snýst um leik, hluti af vinnunni minni snýst líka um leik. Við gerum okkur ekki öll grein fyrir því hversu mikilvægur og stór hluti af skólagöngunni er leikur, og hvað er leikur annað en samskipti á milli einstaklinga. Námið mitt hjálpar mér að fá dýpri skilning á svo mörgu, samskiptum og þroska einstaklinga, samvinnu, hlustun, sýna skilning og vera þolinmóð, ég læri af öðrum, fæ hugmyndir og fæ svo að deila reynslu minni og upplifum úr náminu í vinnunni.

Með þessum skrifum mínum langaði mig helst að vekja ykkur til umhugsunar um hvað stendur uppúr þegar þið hugsið um ykkar unglingsár í skólanum. Er það skólabækurnar? Er það félagsskapurinn og/eða félagslífið? Skólasystkinin eða starfsfólkið?

Ég man hvernig það er að vera ástfangin unglingur og ég man eftir ástarsorginni, ég man eftir því þegar ég reifst við vinkonur mínar og sættist við þær, ég man hvað mér fannst gott að geta talað um það hvernig mér leið – hvernig sem mér leið. Það þarf ekki að vera að minningar ykkar séu ykkur jafn kærar og mínar eru fyrir mér, en ég held að við getum verið sammála um að það sé mikilvægt að unglingar upplifi skólann og félagsmiðstöðina sem stað þar sem þau hafa einhvern sem vill hlusta á þau, einhvern sem þau geta treyst og einhvern sem sýnir þeim umhyggju.

Ragnheiður Hilmarsdóttir, nemi í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands.

Til sóknarbarna í Skálholtsprestakalli.



Heil og sæl og gleðilegt sumar!

Helgihald í Skálholtsprestakalli í maí og
byrjun júní 2017 (m. fyrirvara um breytingar)

Feringarmessa í Skálholtsdómkirkju 7. maí
kl. 11:00. Sr. Axel Á. Njarðvík fermir.
Organisti er Jón Bjarnason. Fermdur verður:
Víktor Máni Nóason.

Mæðradagsmessa í Skálholtsdómkirkju 14.
maí kl. 11:00. Sr. Jóhanna Magnúsdóttir
þjónar. Organisti er Jón Bjarnason.

Mæðradagsmessa í Haukadalskirkju 14. maí
kl. 14:00. Sr. Jóhanna Magnúsdóttir þjónar.
Organisti er Jón Bjarnason.

Messa í Skálholtsdómkirkju 21. maí kl. 11:00
Sr. Axel Á. Njarðvík þjónar. Organisti er Jón
Bjarnason.

Feringarmessa í Stóru-Borgarkirkju 21. maí
kl. 14:00. Sr. Jóhanna Magnúsdóttir fermir.
Organisti Jón Bjarnason. Fermdur verður:
Sveinn Bergsson.

Uppsveitamesa í Skálholtsdómkirkju
uppstigningadag, 25. maí kl. 14:00. Dagur
eldri borgara. Kaffi í Skálholtsskóla eftir
messu. (nánar auglýst síðar).

Messa í Skálholtsdómkirkju 28. maí kl. 11:00
Sr. Jóhanna Magnúsdóttir þjónar. Organisti er
Jón Bjarnason.

Messa Úlfjótvatnskirkju 28. maí kl. 14:00.
Sr. Jóhanna Magnúsdóttir þjónar. Organisti er
Jón Bjarnason.

Hátíðar – og feringarmessa í
Skálholtsdómkirkju Hvítasunnudag 4. Júní
kl. 14:00 Sr. Jóhanna Magnúsdóttir fermir.
Organisti Jón Bjarnason. Félagar úr
Skálholtskór og Miðdalskirkjukór syngja.

Fermd verða:

Alice Alexandra Flores
Guðrún Birna Þórarinsdóttir
Hildur Anna Sígurbjörnsdóttir
Jóna Kolbrún Helgadóttir
Ólafur Magni Jónsson
Sigurður Sævar Ásberg Sigurjónsson
Stefán H. Sigsgaard Pedersen
Unnur Kjartansdóttir

Sólheimakirkja: Messur annan hvern
sunnudag. Prestur sr. Sveinn Alfreðsson.

Æskulýðsstarf Molanna er annan hvern
mánudag kl. 20:00 – 22:00 í Skálholtsbúðum –
Konny Björg og Herdís sjá um starfið.

Sálgæsluviðtöl – hægt er að ná í mig í síma
895-6119 eða í tölvupósti:
johanna.magnusdottir@kirkjan.is
Ath! Verð í leyfi frá 26. apríl – 8. maí.

*Pakka kærlega fyrir að fá að þjóna ykkur sem
sóknarprestur í námsleyfi sr. Egils
Hallgrímssonar, en hann mun koma aftur til
starfa 1. júní nk.*

Jóhanna Magnúsdóttir
www.skalholsprestakall.is
www.skalholt.is

Úrslit í uppsveitadeild æskunnar

Stigasöfnun		Samtals	Fimi	Þrig	Fjórg	Fimmg	Tölt	Smali	Skeið	
Barnaflokkur										
1	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	50	10	10	10	10	10		
2	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	42	7	9	9	8	9		
3	Freya Linda Andrea Mattsson	Smári	39	9	7	7	8	8		
4	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	21	6	8			7		
5	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	18	8	6			4		
6	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	16			8	8			
7	Dagmar Sif Morthens	Logi	14.5		5		4.5	5		
8	Fjölínir Þór Morthens	Logi	12.5		4		6	2.5		
9	Tristan Máni Morthens	Logi	10.5				4.5	6		
10	Snæfriður Rós Sigurðardóttir	Logi	2.5					2.5		
11	Sigríður Mjöll Sigurðardóttir	Logi	1					1		
12	Helga Nina Þórðardóttir	Smári	0					0		
Unglingaflokkur										
1	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	58.5	10	10	10	10	8.5	10	
2	Aron Emir Ragnarsson	Smári	48.5	9	9	9	7	6.5	8	
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	47.5	8	8	7	9	6.5	9	
4	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	33		6	8	8	5	6	
5	Sölvi Freyr Freyðisarson	Logi	17		7			10		
6	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	15.5					8.5	7	
Smári			330.5	57	40	57	24	58	64.5	30
Logi			116.5	10	9	17	10	25	35.5	10

Breytingar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Þann 1. apríl var opnunartíma heilsugæslunnar breytt frá kl 8 til 16. Fyrsti læknatíminn er frá kl 8:20. Símatímarnir tveir eru á sömu tímum og áður þ.e. kl 9:00 – 9:30 og 13:00 – 13:30. Blóðþrúfur eru teknar á morgnanna frá kl 8:15 til kl 11.

Uppsveitadeildinni 2017 lauk með mikilli sýningu frábærra tölt- og skeiðhrossa í Reidhóllinni á Flúðum, föstudagskvöldið 31. mars 2017.

Fjörð hófst í forkeppninni í tölti þar sem Þórarinn Ragnarsson og Hringur frá Gunnarsstöðum I sigruðu með nokkrum mun, eða 7,63 í einkunn. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka komu þar næst með 7.30 í einkunn. Þriðja inn í A-úrslit urðu þau Hanne Smidesang og Roði frá Hala með einkunnina 6,93. Síðasta örugga sæti í A-úrslitum féll í skaut Guðjóns Sigurliða Sigurðssonar og Lukku frá Bjarnastöðum með einkunnina 6.77.

Þeir voru mun jafnari knaparnir í B-úrslitum, en þar komu eftir inn Hans Þór Hilmarsson og Bragur frá Túnsbergi með einkunnina 6,63. Rétt þar á eftir voru þeir félagarnir Bjarni Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum með 6,60. Þriðja inn í B-úrslit voru þau Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með einkunnina 6,57. Tveir síðustu keppendurnir inn í B-úrslitin voru þau Guðjón Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 5,83 og Óskar Örn Hróbjartsson á Sigurrós frá Galtastöðum með einkunnina 5,80.

Að loknu stuttu hléi hófst keppnin í fljúgandi skeiði. Það er mikil keyrsla. Á rúmum hálf tíma renna 63 skeiðsprettir í gegnum húsið. Eins og gengur lágu ekki allir sprettir og hraðinn var mismikill á hestum og knöpum.

Þegar yfir lauk kom í ljós að fljótasta parið voru þau Matthías Leó Matthíasson og Blikka frá Þóroddsstöðum með tímann 2,97. Í kjölfarið sigldu Þórarinn Ragnarsson og Funi frá Hofi með sléttar 3 sekúndur. Rétt á eftir komu þau Hans Þór Hilmarsson



Fljótustu knapar Uppsveitanna í fljúgandi skeiði. Frá hægri: Matthías Leó Matthíasson, Þórarinn Ragnarsson, Hans Þór Hilmarsson, Bjarni Bjarnason, Gunnlaugur Bjarnason, Guðjón Örn Sigurðsson og Óskar Örn Hróbjartsson. Á myndina vantar Lindu Karlsson sem varð í sjötta sæti.

Bjarnason og Hnokki frá Þóroddsstöðum og Hans Þór Hilmarsson á Brag frá

Túnsbergi með einkunnina 7,06. Í þriðja sæti í B-úrslitum urðu Ragnheiður Hallgrímsdóttir og Snillingur frá Sólheimum með 6,67, fjórðu urðu Sigurður Örn Sigurðsson og Kotra frá Steinnesi með 6.61 í einkunn og lestina ráku Jónas Már Hreggviðsson á Kolbeini frá Hrafnsholti með einkunnina 6,06.

Þá var komið að stóru stundinni. A-úrslit í tölti að hefjast og sex keppnisþör á vellinum. Bjarni og Hnokki náðu sér ekki á strik og hrepptu 6. sætið með 6.89 í einkunn. Hans Þór og Bragur enduðu í fimmta sæti með 7 í einkunn. Rétt fyrir ofan



Sigurvegarar í tölti: Frá hægri. Þórarinn Ragnarsson, Matthías Leó Matthíasson, Hanne Smidesang, Guðjón Sigurliði Sigurðsson.

Hringur frá Gunnarsstöðum I með frábæra einkunn, 7,89.

Stigakeppni einstaklinga var mjög spennandi. Efstu tveir keppendurnir slitu sig frá hópnum og sigraði Matthías Leó Matthíasson með 82 stig. Þórarinn Ragnarsson kom næstur með 80 stig. Í þriðja sæti varð Hanne Smidesang með 62 stig. Heildarstigakeppni einstaklinga og liða má finna á vefsvæði Reidhóllarinnar, www.reidhollin.is.

Í liðakeppninni sigraði lið Vesturkots með 198 stig, en lið Subway varð annað með 187 stig. Þriðja sætið féll liði Kílhrauns í skaut með 140 stig.

Hestamannafélögin í Uppsveitunum Logi, Smári og Trausti fá bestu þakkir fyrir skemmtilega keppni í vetur. Breiddin í keppninni fer sífellt vaxandi og metnaður keppenda er mikill að standa sig sem best. Það sýnir sig að hestar eru að koma betur undirbúin til keppni og munurinn á milli atvinnumanna og leikmanna hefur dregist saman.

með 7,06 í einkunn settust í fjórða sætið Guðjón Sigurliði Sigurðsson og Lukka frá Bjarnastöðum. Spennan fór nú að magnast eftir sérdeilis glæsislega töltsýningu. Hanne Smidesang og Roði frá Hala fengu 7,44 í einkunn og hlutu að launum þriðja sætið. Matthías Leó Matthíasson og Nanna frá Leirubakka fengu annað sætið með einkunnina 7.67.

Sigurvegarar töltsins í Uppsveitadeildinni 2017 urðu því þeir Þórarinn Ragnarsson og